

Ár 2006, föstudagurinn 1. september, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumálinu nr. 12/2006:

Handknattleiksfélag Kópavogs  
gegn  
Handknattleiksdeild Fram

Málið dæmir Jóhannes Albert Sævarsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dagsett er 10. júlí 2006 sem móttekin var hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Málið var þingfest 28. ágúst 2006 og dómtekið 1. september sama ár og dómur er kveðinn upp sama dag, 1. september 2006.

Frammi liggja eftirtalin dómskjöl merkt þannig:

- nr. 1. Kæra dags. 10.07.2006
- nr. 2. Félagaskiptablað dags. 07.06.2006
- nr. 3. Bréf hkd. Fram dags. 06.07.2006
- nr. 4. Telafax kvittun dags. 19.07.2006
- nr. 5. Bréf HSÍ dags. 10.07.2006
- nr. 6. Leikmannasamningur HSÍ dags. 19.04.2005
- nr. 7. Viðaukasamningur milli hkd. Fram og EP dags. 19.04.2005
- nr. 8. Netpóstur JAS dags. 28.08.2006
- nr. 9. Greinargerð hkd. Fram dags. 29.08.2006

**Niðurstaða dómsins:**

Kæran Handknattleiksfélags Kópavogs er dagsett 10. júlí 2006 og móttekin sama dag á skrifstofu HSÍ. Ekki verður séð af kærinni hvaða kröfur eru gerðar í málinu, á hverjar eru málsástæður kæranda eða hvaða lagarök eru til stuðnings kærinni. Engin gögn eru lögð fram af hálfu kæranda með kærinni. Að þessu leyti er málatilbúnaði kæranda ábótavant. Þau gögn sem lögð eru fram í málinu hefur dómstóllinn aflað af sjálfsdáðum. Varnaraðili á bágð með að halda uppi vörnum vegna ófullnægjandi málatilbúnaðar kæranda, sbr. 5. mgr. 7. gr. reglugerðar um dómstól HSÍ um málsmeðferð. Það samrýmist ekki málsmeðferðarreglum að kröfur og málsástæður kæranda komi fyrst fram undir rekstri málsins. Málatilbúnaði kæranda er að þessu leyti ábótavant og verður því þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi án kröfu.

**DÓMSORÐ:**

Kæru Handknattleiksfélags Kópavogs dagsettri 10. júlí 2006 er vísað frá dómi.

---

Jóhannes Albert Sævarsson